



Ísafirði, 22. júní 2022.

Hvalfjarðarsveit
netfang adalskipulag@hvalfjardarsveit.is

Akraneskaupstaður
netfang skipulag@akranes.is

Efni: Athugasemd/ábendingar við tillögu að nýju aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og tillögu að nýju skipulagi Akraneskaupstaðar 2021-2033.

I.

Vísað er til auglýsingar á vef Hvalfjarðarsveitar, Skipulagsstofnunar og víðar um tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins með athugasemdafresti til 25. júní nk. Af hálfu Samgöngufélagsins eru ekki gerðar athugasemdir um annað í tillögunni en að ekki skuli haldið opnum þeim möguleika að leggja megi veg yfir Grunnafjörð og þaðan norður í átt til Borgarness.

Í samgönguáætlun 2020 til 2032 eru áform um að ráðast í gerð 2+1 vegar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness á öðru og þriðja tímabili áætlunarinnar, þ.e. á árunum 2024-2028 og síðan á tímabilinu 2028-2032.

Ekki er neinum blöðum um það að fletta að full þörf er að ráðast í þessar framkvæmdir sem allra fyrst í ljósi vaxandi umferðar auk þess sem áform eru uppi um að gera ný Hvalfjarðargöng til viðbótar þeim sem fyrir eru svo og gerð Sundabrautar. Mikilvægt er því að huga sem allra fyrst að sem hagfelldastri legu vegar þessa leið. Í aðalatriðum virðist um tvo kosti að ræða, þ.e. annars vegar veg sem að mestu liggur í núverandi línu og hins vegar veg sem liggur vestur fyrir Akrafjall og þaðan norður yfir mynni Grunnafjarðar og þaðan áfram áleiðis í Borgarnes.



Mynd 1Hugsanleg veglína vegar um Grunnafjörð og í nágrenni samkvæmt uppdrætti unnum afVerkfræðistofunni Hnit 2019. Stærri mynd má nálgast [hér](#) ?

Sýnist margt benda til að leiðin um Grunnafjörð geti talist álitlegur kostur. Skal í því sambandi nefnt að í svari samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Guðjóns S. Brjánssonar á Alþingi 2019-2020 um þverun Grunnafjarðar, þingskjal 1650 - 703. mál, (sjá [hér](#)) kemur m.a. eftirfarandi fram:


Þrátt fyrir að ekki hafi verið fallist á að gera ráð fyrir Grunnafjarðarleið í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar og áður hreppanna fjögurra sem mynduðu Hvalfjarðarsveit vegna náttúruverndarsjónarmiða fól Vegagerðin VSÓ-ráðgjöf að vinna skýrslu um möguleg umhverfisáhrif leiðarinnar um Grunnafjörð. Voru allir þættir skoðaðir sem kæmu til umfjöllunar í formlegu mati á umhverfisáhrifum, en fjörðurinn innan við rifin í mynni hans er skilgreint sem friðland og eitt af svonefndum Ramsarsvæðum landsins. Skýrslunni var skilað 2009 og var niðurstaðan sú að, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, mætti sneiða

há skilgreindu Ramsarsvæði og að með gerð nægilega langrar brúar væru líkur á að umhverfisáhrifin yrðu óveruleg.

Ekki hefur hins vegar verið unnið að undirbúningi eða rannsóknum á þessari veglínu frá útkomu skýrslunnar né hefur verið gerð úttekt á hagkvæmni og öryggi fyrir umferð á þessu svæði og umferðar innan sveitarinnar við færslu vegarins.

Fram kemur að það sé mat Vegagerðarinnar að miklar líkur séu á að veglínan um mynni Grunnafjarðar sé þjóðhagslega hagkvæm sérstaklega vegna styttingar milli Akraness og Borgarness auk þess sem miklar líkur séu á að umferðaröryggi yrði meira á nýrri leið heldur en á breikkuðum núverandi vegi, bæði vegna hagstæðari legu og mun færri gatnamóta.

Samkvæmt þeim upplýsingum og viðhorfum sem komu fram í svari ráðherra virðist því margt mæla með að vegurinn liggji vestur fyrir Akrafjall og um Grunnafjörð. Það er því brýnt að möguleg gerð vegar þessa leið verði rannsökuð sem best, jafnt áhrif hans á náttúru í og í grennd Grunnafjörð, umferðaröryggi og aðstæður að öðru leyti. Auk þess er mikilvægt að fyrir liggja arðsemismat og mat á samfélagslegum áhrifum á hvorri leið, samfélagsmat sem flest bendir til að sé mun jákvæðara fyrir leið um Grunnafjörð þar sem stærstu þéttbýlisstaðirnir á svæðinu færast nær hvor öðrum sem nemur 7 km eða úr 37 km í 30 km og komist verður á milli að öllu leyti á 2+1 og mögulega 2+2 vegi milli Akraness og Hvalfjarðargagna. Þá sýnist margt mæla með að önnur Hvalfjarðargöng sem fyrirhuguð eru liggji sem mest samhliða núverandi göngum og einstefna verði í hvorum göngum fremur en að núverandi göng verði eingöngu fyrir umferð frá Akranesi og hin fyrir aðra umferð og að komist verði milli Akraness og Hvalfjarðarganga á öruggum 2 + 1 vegi.



Mynd 2 Akranes og Grunnafjörður. Mynd tekin í apríl 2022. Jónas B. Guðmundsson

Vakin skal sérstök athygli á því að í skjalinu Aðalskipulag Akraness 2021-2033 - Greinargerð stefna og skipulagsákvæði Tillaga 7.mars 2022, sjá [hér](#), segir bls. 28.

„Afmarkað er opið svæði OP-318 með sérákvæðum til þess að tryggja að möguleikar á lagningu Grunnafjarðarleiðar, breytts þjóðvegur ofan bæjarins, verði ekki skertir þótt hvergi sé gert ráð fyrir leiðinni í gildandi áætlunum. Sjá kafla 3.13.“

Þá segir í umhverfsimatsskýrslu sem gefir var út í mars 2022 og fylgdi téðri tillögu, sjá [hér](#): „Grunnafjarðarleið, breyttur þjóðvegur 1, er hvorki á skipulagsáætlunum sveitarfélaga né í samgönguáætlun. Í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 var skipulagi frestað í vegstæði Grunnafjarðarleiðar. Ekki er gert ráð fyrir veginum í þessari áætlun en hugsanlegt vegstæði er afmarkað sem opið svæði með ákvæðum um að óheimilt verði að skipuleggja þar landnotkun eða varanleg mannvirki sem staðið geti í vegi fyrir breyttum þjóðvegi. Afmörkunin hefur engin umhverfisáhrif á þessu stigi.“ Þarna er því þeim möguleika haldið opnum að leggja megi veg yfir Grunnafjörð og miður ef Hvalfjarðarsveit gerir ekki slíkt hið sama.

Sérstaklega skal vakin athygli á að í viðhorfskönnun sem unnin var á vegum Samgöngufélagsins dagana 22. maí til 10. júní sl. af fyrirtækinu Envalys ehf. var spurt um afstöðu til færslu Hringvegar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð. Var könnunin á skalanum einn til sex og skiptist sem hér segir 0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel. Tekið skal fram að það eintak sem fylgir erindi þessu er drög eða bráðabirgðaútgáfa og merkt þannig, endanleg útgáfa kemur út og verður send á allra næstu dögum. Því verður að taka upplýsingar með svolitlum fyrirvara.

Heildarfjöldi þeirra sem tóku þátt í könnuninni var 1.127 og skiptist milli Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Borgarness og síðan annarra hluta landsins.

Óháð búsetu voru allir hópar fremur hlynntir færslu Hringvegarins eins og lýst er. Nokkur munur kom fram í afstöðu hópa en íbúum á Akranesi líkaði marktækt betur við hugmyndina en hinum hópunum þremur.

Fékk hugmynd um gerð vegar þessa leið heildareinkunnina 4,23 en þó talsvert hærri einkunn á Akranesi. Hlýtur þetta að benda til ríks vilja þeirra sem næst búa hugsanlegu nýju vegstæði til að þessi leið verði a.m.k. skoðuð. Að öðru leyti verður að vísa í könnunina (í endanlegri mynd) þar sem ýmsar fróðlegar upplýsingar er að finna.


Hér er þó það helsta:

Heildarfjöldi þátttakenda: 1.127 (Tölur eru ekki alveg nákvæmar)

Svæði:	Þátttakendur	Prósent	Einkunn			
Akranes	340	30,1	4,91			
Hvalfjarðarsveit	92	8,1	4,18			
Borgarnes	127	11,2	4,09			
Aðrir landshlutar	573	50,7	3,87			

Loks skal áréttað að ákvörðun um að gera ekki ráð fyrir vegi um Grunnafjörð varðar mun fleiri en íbúa sveitarfélagsins ekki síst íbúa Akraness og Borgarness. Það sýnist því eðlilegt að tekið verði tilliti til þeirra viðhorfa sem fram koma þar og hníga mjög í þá átt að gert verði ráð fyrir vegi þessa leið. Er eindregið mælt til að svo verði gert í væntanlegu aðalskipulagi og endanleg ákvörðun um hvort vegur liggi þessa leið verði síðan tekin að fengnum niðurstöðum þeirra rannsókna sem vonandi verður ráðist í.

F.h. Samgöngufélagsins



Jónas B. Guðmundsson
fyrirsvarsmaður

Afrit:

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Borgarbyggð
Vegagerðin
Samgönguráð